



Nordic
Sociological
Association

Nordisk Sosiologforbund

“Sociologprofiler i Norden”

Hin fjölbreyttu andlit félagsfræðinnar

Menntun, verksvið og tækifæri íslenskra
félagsfræðinga

Félagsfræðingafélag Íslands

Harpa Njáls

Þórdís Rún Þórisdóttir

Haust 2007

“Sociologprofiler i Norden”

Menntun, verksvið og tækifæri íslenskra félagsfræðinga

Rannsóknin Sociologprofiler i Norden sem hér er kynnt, er hluti af sameiginlegu verkefni Norræna félagsfræðingafélagsins (NSF) og er ætlað að kanna menntun, verksvið og tækifæri félagsfræðinga á vinnumarkaði. Löndin sem taka þátt eru Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Noregur. Markmiðið er að gera félagsfræðinga sýnilegri og auka þekkingu á menntun og fjölbreyttum atvinnumöguleikum þeirra. Rannsóknin er gerð í öllum löndunum sumarið 2007. Félagsfræðingafélag Íslands sem stofnað var 1996 er aðili að NSF og á fulltrúa í stjórn (www.felagsfraedingar.is).

Í þessu verkefni er íslenska rannsóknin kynnt. Harpa Njál, félagsfræðingur MA hafði umsjón með verkefninu og Þórdís Rún Þórisdóttir, nemandi á þriðja ári í félagsfræði tók viðtölin og gekk frá þeim. Verkefninu er skilað til NSF á sænsku og Ingegerd Narby, fil mag löggiltur skjalapýðandi yfirsetti verkefnið á sænsku.

Tekin voru viðtöl við sextán félagsfræðinga sem starfa á ólíkum vettvangi. Gætt var að kynjahlutfalli og tekin viðtöl við átta konur og átta karla. Ekki er sjónum beint að störfum innan háskólanna í þetta sinn heldur er sjónum beint að félagsfræðingum sem starfa á ólíkum sviðum atvinnulífsins svo sem hjá ríki og sveitarfélögum, stofnunum, samtökum, fyrirtækjum í opinbera- og einkageiranum og á alþjóðlegum vettvangi. Bréf voru send í tölvupósti til þátttakenda upp úr miðjum maí og ánægjulegt að geta þess að allir þeir sem leitað var til voru fúsir til að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin voru tekin á vinnustöðum viðmælenda, þau voru hljóðrituð, skráð og kynnt hér.

Í ritinu Hagtíðindi sem Hagstofa Íslands gefur út kemur fram að 17.171 íslendingar voru skráðir í háskólanám haustið 2006. Árið 2000 voru 10.494 skráðir til náms og er aukningin á síðustu 6 árum því 64%. Konur eru meirihluti námsmanna og árið 2006 voru þær 10.746 en karlar 6.425 (www.hagstofa.is). Samkvæmt upplýsingum Menntamálaráðuneytisins eru starfandi 8 skólar á Íslandi sem bjóða upp á nám á háskólastigi. Þetta eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Hólaskóli, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík (www.menntamalaraduneyti.is).

Af þessum átta skólum eru þrír sem bjóða upp á nám í félagsvísindum og eru það Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst og Háskóli Íslands. Framboð til náms í félagsvísindum er misjafnt eftir skólum. Háskólinn á Bifröst býður námsleið þar sem hægt er að leggja stund á nám í félagsvísindum sem fléttar saman nám í heimspeki, stjórnmálafræði og hagfræði til 90 eininga. Ekki er boðið upp á nám eingöngu í félagsfræði og ekki er boðið upp á meistaranám í félagsfræði (www.bifrost.is).

Háskólinn á Akureyri býður upp á námsleið í félagsvísindadeild sem heitir Þjóðfélagsfræði til 30, 60 eða 90 eininga. Þetta er almennt nám í félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði og fléttar skólinn þar saman þremur greinum. Nemendur geta sérhæft sig í náminu þegar þeir eru komnir á annað og þriðja ár og boðið upp á námleið í

afbrotafræði, ferðamálafræði, fjölmiðlafræði, heilbrigðisfræði, kynjafræði, stjórnunarfræði, tómstundafræði og vinnumarkaðsfræði. Ekki er boðið upp nám eingöngu í félagsfræði og ekki er meistaranám í greininni við Háskólann Akureyri (www.unak.is).

Í Háskóla Íslands er félagsfræði kennd til 90 eininga í Félagsvísindadeild en einnig er hægt að taka félagsfræði til 60 eininga og sem aukagrein til 30 eininga. Háskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á slíkt nám og hægt að velja sérstakar áherslur í náminu sem eru félagsfræði afbrota og velferðarríkisins, félagsfræði atvinnulífs, félagsfræði fjölmiðla, félagsfræðikenningar og aðferðir og félagsfræði með áherslu á kynjafræði og jafnrétti. Að auki er hægt að taka til 30 eininga nám í atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, kynjafræði og tómstundafræði. Frá árinu 1996 hefur Félagsvísindadeild Háskóla Íslands boðið upp á meistaranám í félagsfræði (www.hi.is).

Þegar litið er um öxl til upphafs félagsfræði á Íslandi þá er ekki ýkja langt síðan kennsla í þessari fræðigrein hófst. Árið 1970 hóf Háskóli Íslands kennslu í almennri þjóðfélagsfræði þar sem námið samanstóð af félagsfræði, stjórnmálafræði og mannfræði. Árið 1976 var Félagsvísindadeild formlega stofnuð við Háskóla Íslands og við þá breytingu var boðið upp á BA nám með félagsfræði sem aðalgrein. Þegar félagsfræðiskor innan Félagsvísindadeildarinnar var stofnuð árið 1996 hófst sama ár kennsla í meistaranámi í félagsfræði. Frá árinu 2001 er boðið uppá doktorsnám í félagsfræði.

Frá því að farið var að bjóða upp á þjóðfélagsfræði árið 1970 og til júní 2007 hafa útskrifast 510 einstaklingar frá Háskóla Íslands með BA próf í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði, til 60 eða 90 eininga. Frá árinu 1996 til júní 2007 hafa 33 einstaklingar lokið meistaraþrófi í félagsfræði við Háskóla Íslands og fljótlega munu fyrstu doktorsnemarnir útskrifast (Heimild: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, júní 2007, Kolbrún Ósk Hrafnadóttir, 2004).

Rétt er að benda á að íslenskir félagsfræðingar hafa stundað meistaranám og doktorsnám við háskóla á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, einnig í Bandaríkjunum og víðar. Um það verður ekki fjallað nánar hér.

Hér á eftir fara viðtölin við sextán íslenska félagsfræðinga sem gefa vísbendingar um möguleika til menntunar og fjölbreyttra starfa á íslenskum vinnumarkaði. Þátttakendum eru færðar alúðarpakkir fyrir þátttökuna, án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika. Ennfremur þökkum við Ingegerd Narby, fil mag, starfsmönnum við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og öðrum þeim sem liðsinntu við vinnslu þessa verkefnis.

Reykjavík, 31. janúar 2008,

Harpa Njálsson og Þórdís Rún Þórisdóttir

ARNÓR GUÐMUNDSSON

Fæðingarár

Fæddur árið 1958.

Menntun

Arnór stundaði námi í frönsku og mannfræði í Frakklandi í eitt ár en eftir það hóf hann nám í Háskóla Íslands og lauk BA prófi í félagsfræði árið 1983. Eftir BA námið hélt hann í framhaldsnám til Bandaríkjanna og lauk doktorsprófi í félagsfræði árið 1993.

Staða og vinnustaður

Skrifstofustjóri á mats- og greiningarsviði í menntamálaráðuneytinu.



Vikulegur vinnutími

Vinnutíminn getur verið mislangur en meðal vinnuvika er um 50 stundir.

Lýsing á núverandi starfi

Mats- og greiningarsvið er nýtt svið sem var stofnsett fyrir um ári síðan. Starfsviðið er vítt og tekur aðallega til tveggja þátta sem eru gæðamál og greiningar á málefnasviðum ráðuneytisins. Starfsviðið tekur til alls skólakerfisins frá leikskólum upp í háskóla og gæta þarf þess að lögum og reglugerðum sé framfylgt um leið og stuðlað er að þróun gæðastarfs. Þetta er eftirlits og þróunarhlutverk og skipulagðar eru úttektir á skólum eða þáttum skólastarfs og fengnir sérfræðingar til að vinna þær. Starfsvið gæðamála er mjög yfirgripsmikið og fjölbreytt. Mestur þunginn í gæðamálum er í menntakerfinu en einnig er unnið á öðrum málefnasviðum menntamálaráðuneytisins og til dæmis var nýverið lokið við úttekt á störfum Vísinda- og tækniráðs. Annað starfssvið Arnórs eru greiningar. Það felur í sér aðkomu að allri upplýsingaöflun fyrir ráðuneytið. Aðallega er verið að vinna úr gögnum sem aðrir en ráðuneytið hafa safnað en einnig eru fengir aðilar til að leggja fyrir kannanir og afla upplýsinga varðandi menntun, menningu, vísindi og íþrótt- og æskulýðsmál. Unnið er úr þessum gögnum og undirbúin stefnumótun með greiningum á áður nefndum málaflokkum. Hlutverk mats- og greiningarsviðs er að halda utan um upplýsingar og tryggja að þær nýtist sem best til að hægt sé að vinna markvisst í stefnumótun. Ráðuneytið er í alþjóðlegu samstarfi á vegum Evrópusambandsins, OECD og á norrænum vettvangi. Sviðið kemur einnig að skipulagningu samræmds námsmats.

Fyrri störf

Eftir BA námið hóf Arnór störf sem rannsóknarmaður við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og starfaði þar í 1 ár. Komið var að máli við hann og honum boðið starfið. Því næst flutti hann til Bandaríkjanna til að stunda frekara nám og starfaði samhliða því sem aðstoðarkennari og rannsóknarmaður við Minnesota háskóla næstu 7 árin. Árið 1991 kom hann aftur til Íslands og stundaði kennslu í félagsfræði við Háskóla Íslands í 3 ár en árið

1994 hóf hann störf hjá menntamálaráðuneytinu. Hann hefur komið víða við í ráðuneytinu á þessum tíma en hann byrjaði í háskóladeildinni og vann þar að stjórnsýslu og gæðamálum á háskólastiginu. Síðan fluttist hann í mats- og eftirlitsdeild þegar hún var stofnuð og sinnti þar áfram gæðamálum á háskólastigi en kom einnig að þeim málaflokki á öðrum skólastigum. Árið 1999 tók hann við umsjón með þróunarmálum á sviði upplýsingatækni og varð þróunarstjóri ráðuneytisins tveimur árum síðar. Í því starfi stýrði hann ýmsum upplýsingatækniverkefnum og uppbyggingu upplýsingakerfa. Á árinu 2006 var skipulagi ráðuneytisins breytt og þá var auglýst sú staða sem Arnór gegnir í dag.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Í því starfi sem Arnór sinnir í dag nýtir hann mikið aðferðafræði varðandi gagnaöflun og þá þekkingu á upplýsingatækni sem hann aflaði sér í náminu. Í doktorsnámi sínu skoðaði hann skipulagsheildir og hefur sú kunnátta nýst honum vel í starfi þ.e.a.s að átta sig á uppbyggingu stofnana út frá sjónarhorni sem tengist félagslegum og efnahagslegum þáttum samfélagsins. Arnór hefur sótt endurmenntun í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem hefur nýst honum vel. Hann hefur líka setið skemmri námskeið til að kynnast betur lagalegu umhverfi og uppbyggingu stjórnsýslunnar. Með reynslu, framhaldsmenntun og setu í styttri námskeiðum hefur hann bætt við sig menntun á sviðum sem skorti í upphaflegu námi. Í starfinu hefur síðan smám saman þróast reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu og þeim kröfum sem fylgja því að vinna í stjórnarráðinu. Þrátt fyrir að hafa doktorspróf finnst Arnóri að einstaklingar þurfi að vera vakandi fyrir því að halda áfram að mennta sig á þeim sviðum sem þeir eru að fást við á hverjum tíma.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Fyrir nemendur skiptir máli að hafa sterkan aðferðafræðilegan grunn því sú þekking veitir aðgang víða í atvinnulífinu. Þegar einstaklingur er að horfa á eitthvað ákveðið málefna-svið þá er áhugavert að skoða það út frá öðrum fræðigreinum en félagsfræðinni. Áhugavert er að skoða það til dæmis út frá hagfræði eða lögfræði til að víkka skilninginn á efninu. Þetta hjálpar allt þegar nemendur fara á vinnumarkaðinn þ.e. að hugsa aðeins út fyrir eigin fræðigrein og horfa á viðfangsefni frá fleiri sjónarhornum. Fólk á að vera opið fyrir því að skoða viðfangsefnin frá víðu sjónarhorni og byggja upp víðtæka þekkingu út frá ákveðnu viðfangsefni.

BJÖRK ÞORGEIRSDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1967.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1999. Björk lauk einnig prófi í Kennslufræðum árið 2000 frá sama skóla og hefur þegar lokið 29 einingum í mastersnámi í félagsfræði sem hún sinnir samhliða starfi.



Staða og vinnustaður

Kennari og fagstjóri í félags- og fjölmiðlafræði við Kvennaskólann í Reykjavík, menntaskólinn við Fríkirkjuveg, og starfar í verkefnastjórn í mentorverkefninu vinátta.

Vikulegur vinnutími

Björk sinnir tveimur störfum og því er venjuleg vinnuvika um 55 stundir á viku.

Lýsing á núverandi starfi

Sem kennari vinnur Björk samkvæmt stundatöflu sem er í föstum skorðum yfir önnina. Full kennsla eru 24 kennslustundir á viku. Hver bekkur/hópur er 4 klukkustundir á viku og hún kennir 4 bekkjum. Samhliða kennslunni er yfirferð verkefna og undirbúningur fyrir tíma, próf o.fl. Fyrir utan kennslu eru viðtalstímar fyrir nemendur og umsjónarkennsla. Björk er einnig fagstjóri í félags- og fjölmiðlafræði og sem slíkur ber hún ábyrgð á að kennsla í þessum áföngum sé samkvæmt aðalnámsskrá og að ráðið sé í allar stöður. Hún fer yfir umsóknir sem berast um lausar stöður ásamt skólameistara. Samhliða kennarastarfinu starfar Björk í verkefnastjórn mentorverkefnisins vinátta sem hún sinnir yfirleitt á kvöldin eftir að kennslu líkur. Mentorverkefnið er á sínu fjórða starfsári í framhaldsskólum og er Björk ráðgjafi fyrir aðra kennara í þeim framhaldsskólum sem taka þátt ásamt því að sinna samskiptum við þátttakendur og vera með handleiðslu fyrir þá nemendur í Kvennaskólanum sem taka þátt í verkefninu. Nemendur sækja um að taka þátt og mikilvægt er að þeir geri sér grein fyrir ábyrgðinni sem því fylgir og er það í umsjón Bjarkar að tala við umsækjendur og veita þeim upplýsingar um hvað felst í verkefninu.

Fyrri störf

Eftir stúdentspróf vann Björk í lögfræðideild Landsbanka Íslands í 4 ár við almenn skrifstofustörf. Að því loknu vann hún sem ritari/aðstoðarkona á lögfræðistofu og var henni boðið það starf þar sem hún hafði unnið mikið með lögmonnum þegar hún starfaði í bankanum. Um stuttan tíma vann hún hjá innheimtufyrirtæki við almenn skrifstofustörf. Eftir að hafa lokið BA prófi hóf Björk störf sem kennari sem hún sinnir enn í dag og var sú staða auglýst.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Í kennslunni sameinast áhugasvið Bjarkar sem er félagsfræði og ungt fólk. Jafnvel þótt hún sé sum árin ekki að kenna félagsfræði þá er kennslan engu að síður vettvangur til að kynna fyrir nemendum þá hugsun sem einkennir félagsfræðina. Í mentorverkefninu sameinast einnig þessi áhugamál þar sem verið er að leiða saman börn og unglinga til að byggja upp á vináttutengsl. Þegar Björk var í BA námi hefði hún viljað fá meiri kennslu í kynjafræði en á þeim tíma var kennsla í þeim fræðum ekki jafn aðgengileg og hún er í dag. Þar sem hún starfar í framhaldsskóla hefði hún viljað hafa frekari grunn í kynjafræði til að geta virkjað nemendur enn frekar til að hugsa um þessi málefni og uppgötva þau á eigin forsendum. Hún telur að framhaldsskólar þurfi að vera meira vakandi yfir þátttöku nemenda, mun á milli kynjanna og fá fleiri stelpur til að taka þátt í stjórn og félagsstarfi innan skólanna með því að hvetja þær til að bjóða sig fram í nefndarstörf. Sú reynsla og kunnátta sem hún fékk af störfum sínum á lögfræðistofunni hafa einnig nýst Björk vel í starfi. Hún situr í stjórn félagsfræðikennara og fer þar með fjármál félagsins.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Þegar fólk hefur háskólanám á það ekki að fara í námið með því hugarfari að velja sig frá ákveðnum fögum. Nemendur eiga frekar að reyna að finna sitt áhugasvið innan fræðasviðsins og byrja frekar á breiðum grunni og velja þau fög sem einkenna áhugasvið þeirra. Björk telur að oft séu múrar á milli faga í háskólanum sem ekki eru æskilegir og að nemendur eigi að vera óhræddir við að tengja sig inn í aðrar deildir í náminu. Fræðigreinar eru góðar og kennari er góður ef honum tekst að einfalda hluti í framsetningu á þann máta að nemendur öðlist skilning á efninu og tileinki sér þekkingu. Hún telur að mælingar séu orðnar of stór hluti af félagsfræðinni og að hætta sé á að fagið einangrist of mikið vegna þessarar ofuráherslu á eitt svið. Frekar mætti efla sjálfsmynd félagsfræðinga úr frá víðara sjónarhorni.

ÁGÚST MOGENSEN

Fæðingarár

Fæddur árið 1974.

Menntun

Lauk BA prófi frá Háskóla Íslands í félagsfræði árið 1997. Framhaldsnám stundaði hann í Loughborough í Bretlandi og útskrifaðist með MSc gráðu í afbrotufræði árið 1999.

Staða og vinnustaðar

Forstöðumaður/rannsóknarstjóri hjá Rannsóknarnefnd Umferðaslysa (RNU) en nefndin tilheyrir Samgöngu-ráðuneytinu.



Vikulegur vinnutími

Venjuleg vinnuvika er 37 stundir en starfinu fylgja einnig bakvaktir og frá árinu 2000 til 2006 sinnti Ágúst einn þessum bakvöktum. Á árinu 2006 voru útköll milli 60-70. Vinnutími er því oft lengri en 37 stundir og þá sérstaklega á sumrin sem eru annasöm vegna aukinnar umferðar á vegum landsins sem fylgja fleiri alvarleg umferðaslys og þar af leiðandi fleiri útköll hjá RNU.

Lýsing á núverandi starfi

Starfið er mjög fjölbreytt en megin markmið rannsóknarnefndarinnar er að auka umferðaröryggi og sinnir nefndin rannsóknum umferðaslysa með það að leiðarljósi. Þegar alvarleg umferðarslys eða banaslys verða eru þau rannsökuð sérstaklega af RNU og nefndin er kölluð á vettvang af lögreglu. Rannsakadaðar eru orsakir slysis og fengin gögn frá lögreglu, sjúkrastofnunum og öðrum sérfræðingum ef þarf til að sem nákvæmastar upplýsingar liggi fyrir. Að lokum skilar nefndin skýrslu um atvikið. Starfinu fylgja einnig ýmis fjölbreytt verkefni og er hluti þeirra verka fastmótuð svo sem skýrslugerð en önnur verkefni eru tilfallandi. Í starfinu felast töluverð samskipti við ýmsa aðila og eru tengsl mikil við lögreglu og aðra sem sinna umferðaröryggismálum. Fjölmíðlum eru veittar upplýsingar um umferðaröryggi og veitt eru viðtöl. Þegar Ágúst hóf störf hjá nefndinni ákvað hann að neita aldrei að koma fram í fjölmiðlum, heldur að nota hvert tækifæri til að kynna störf nefndarinnar og vekja athygli á umferðaröryggismálum. Ýmis félagasamtök sækjast einnig eftir kynningu á starfi RNU og flytur Ágúst fyrirlestra á ráðstefnum og fundum ýmissa samtaka. Unnin er tölfraedi og að hverju ári liðnu er gefin út lokaskýrsla þar sem dregnar eru saman upplýsingar um atburði liðins árs. Á starfsárinu eru haldnir nefndarfundir með öðrum sérfræðingum þar sem farið er yfir atburði og þeir greindir út frá þverfaglegum sjónarmiðum. Ísland er að auki aðili að norrænu samstarfi og hittast rannsóknarnefndirnar og deila gögnum og rannsóknum sem þær hafa unnið.

Fyrri störf

Ágúst vann ýmis þjónustu og verkamannastörf samhliða námi en að loknu framhaldsnámi árið 1999 vann hann tilfallandi rannsóknarstörf í um það bil ár auk þess að ljúka við masters verkefni sitt. Árið 2000 hóf hann störf hjá rannsóknarnefnd umferðaslysa. Á þeim tíma hafði nefndin ekki mikil fjárráð og starfssemi hennar var umfangsminni. Starfið vatt upp á sig og árið 2005 var starfssemi nefndarinnar fest í lög og ákveðið að veita meiri fjármunum til hennar. Auglýst var staða forstöðumanns nefndarinnar. Ágúst sótti um starfið ásamt fleirum og var ráðinn forstöðumaður.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Ágústi finnst menntun sín nýtast vel í því starfi sem hann sinni í dag. Skrif, vinnsla á texta og tölfraði er stór þáttur í starfi RNU og því býr hann vel að þeirri þjálfun sem hann öðlaðist bæði í grunn- og framhaldsnámi sínu. Að hafa unnið við rannsóknir er einnig mjög hagnýtt þ.e.a.s að taka viðtöl og nálgast fólk er mjög góður grunnur sem fylgir honum úr náminu því í allri umfjöllun nefndarinnar þarf að gæta hlutleysis og vera ekki leiðandi hvorki í samskiptum við fólk eða í framsetningu gagna. Mannleg hegðun er stór áhrifaþáttur í umferðaslysum og unnið er að rannsóknum tengdum mannlegri hegðun hjá RNU. Rannsóknir þessar byggja á félagsfræðilegum grunni og meðal annars hafa verið rannsökuð tengsl áhættuhegðunar í umferðinni við aðra áhættuhegðun hjá framhaldsskólanemendum. Sú aðferð að safna saman upplýsingum og rannsaka ákveðið viðfangsefni er stór þáttur af starfinu og því er nauðsynlegt að hafa ákveðinn fókus, afmarka sig við tiltekna rannsóknarspurningar og svara þeim. Einnig er mikilvægt að kanna hvort fjallað hafi verið um efnið og hvort að til séu fyrirbyggjandi gögn sem hægt er að nota. Námið sem slíkt nýtist því mjög vel í starfi.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Ágústi finnst mikilvægast að leggja áherslu á aðferðafræðina og æfa sig í að skrifa góðan og þjálán texta. Hann telur að eftirspurn sé á vinnumarkaði eftir einstaklingum sem geta ritað góðan texta.

GUÐMUNDA ELÍASDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1970.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og hefur að auki lokið hluta af MBA námi og tekið kúrsa í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík.

Staða og vinnustaður

Skrifstofustjóri hjá Gutenberg en þar starfa um 20 manns í starfsstöð Guðmundu. Gutenberg er hluti af eignarhaldsfélagi sem á fleiri fyrirtæki sem eru að hluta til að nýta sömu vinnsluna.



Vikulegur vinnutími

Meðal vinnustundir á viku eru 40 stundir en oft er vinnuvikan lengri.

Lýsing á núverandi starfi

Starf Guðmundu er sambland af reglubundum störfum ásamt því að sinna verkefnum sem koma til fyrirvaralaust. Starfið er fjölbreytt, það felur meðal annars í sér ábyrgð á reikningshaldi, að bóúð sé að reikningsfæra alla liði er koma að bókhaldi og gera ýmsar skýrslur sem snúa að rekstri fyrirtækisins. Samhliða því ber hún ábyrgð á húsnæðinu sem starfstöðin hefur aðsetur og öðrum rekstrarlegum þáttum sem því fylgja. Sem skrifstofustjóri situr hún reglulega framkvæmdarstjórafundi.

Fyrri störf

Á meðan Guðmundu var í menntaskóla tók hún sér hlé frá námi og vann í 1 ár á hóteli. Á síðasta ári BA námsins vann hún á sambylí og einnig sumarið eftir námslok. Eftir að hafa lokið BA námi bjó Guðmundu í Noregi og starfaði hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Oracle í rúm 2 ár. Starfið fól í sér umsjón með þjónustusamningum og vann hún mikið með viðskiptavinum og sölumönnum fyrirtækisins. Hugbúnaðarfyrirtækinu fannst mjög spennandi að fá félagsfræðing til starfa þar sem slík menntun er ekki algeng í þessari tegund fyrirtækja. Starfið fékk Guðmundu í gegnum atvinnumiðlun sem sendir starfsmenn til fyrirtækja í tímabundin verkefni en ef um semst þá er starfsmaðurinn ráðinn. Þegar hún kom aftur til Íslands vann hún í tímabundnu verkefni við að þýða og staðhæfa áhugasviðskönnun fyrir einkaaðila. Að því loknu bauðst henni starf hjá Íslandssíma við að byggja upp þjónustudeild fyrir fyrirtæki og þar starfaði hún í 4 ár. Það starf var auglýst og sótti hún um og fékk. Á þessum 4 árum voru miklar sviptingar á íslenskum fjarskiptamarkaði og upplifði Guðmundu að sá grunnur sem hún nam í félagsfræðinni nýttist henni mjög vel í þessu síbreytilega umhverfi. Í þessu starfi var jafnframt oft rætt um þann vinkil sem Guðmundu kom fram með sem félagsfræðingur og

gildi þess mótvægis sem hún hafði fram að færa gegn sjónarhornum hefðbundnari menntunnar sem var algengari í fyrirtækinu eins og viðskiptafræði. Nú hefur hún starfað hjá Gutenberg í ár og var falast eftir henni þangað af framkvæmdastjóra sem hún hafði unnið með áður.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Guðmundu finnst menntunin skila víðsýni og hún telur að námið móti einstaklinginn og hvaða aðferðir hann lærir að beita. Hún notar ákveðna aðferðarfræði og nálgun á sín eigin verkefni og jafnframt í samskiptum við aðra sem hún lærði í náminu. Í þeim kúrsum sem hún tók í verkefnastjórnun er allt skipulag mjög formfast en hún víkkar þá hugsun út og notar félagsfræðilega nálgun með því að skoða fleiri vinkla á málunum. Þar sem Guðmunda starfar í einkageiranum þá finnst henni stundum að hana vanti ákveðinn grunn í viðskiptafræði. Miðað við hennar reynslu þá mættu nemendur blanda saman félagsfræði við viðskiptafræði ef þeir hyggjast starfa í einkageiranum. Að blanda saman ólíkum fögum til að fá víðari þekkingu væri góð leið og Ef Guðmunda færi í félagsfræði í dag þá myndi hún alvarlega hugleiða að taka félagsfræði til 60 eininga og eitthvert annað fag til 30 eininga. Á meðan hún var í námi kom starfsmaður frá ráðningarstofu sem flutti erindi um möguleika félagsfræðinga í einkageiranum. Hann talaði um að einkageirinn væri mettaður af viðskiptafræðingum og hann sá fyrir sér í framtíðinni að fyrirtæki vildu fá inn félagsfræðinga til starfa. Námið sem slíkt ætti því að veita fólki tækifæri í einkageiranum ekki síður en í þeim opinbera. Skólafélagar Guðmundu hafa hinsvegar margir farið inn í opinbera geirann og starfa við kennslu eða í opinberri stjórnsýslu.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Mikilvæg er fyrir nemendur að íhuga vel og vandlega hvað það er sem þeir vilja fá út úr náminu. Gott er að vera opin fyrir þeim möguleika að hægt sé að skipta náminu á milli faga þ.e.a.s að taka 60 einingar í félagsfræði og 30 einingar í einhverju öðru fagi. Gott er að vera með fókus þegar námið hefst á einhverju sérstöku sviði en vera jafnframt opin fyrir því að skoða fleiri fög þar sem félagsfræðin er frábær grunnur sem ákjósanlegt er að byggja á. Þessa mannlegu og samfélagslegu tengingu er gott að hafa í öllu því sem maður tekur sér fyrir hendur. Guðmunda telur að það sé gott fyrir fyrirtæki og starfsmenn að blanda saman einstaklingum með ólíka menntun til að fá sem mestu breiddina í starfseminu.

HRANNAR PÉTURSSON

Fæðingarár

Fæddur árið 1973.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði við Háskóla Íslands árið 1996.

Staða og vinnustaður

Forstöðumaður almannatengsla hjá Vodafone sem er fjarskiptafyrirtæki með um 350 starfsmenn.



Vikulegur vinnutími

Vinnutíminn er um það bil 45 stundir á viku. Þegar viðtalið var tekið hafði Hrannar starfað í liðlegan mánuð hjá Vodafone og því var ekki komin reynsla á hefðbundna vinnuviku en hann gerir ráð fyrir að starfinu fylgi álagstímar.

Lýsing á núverandi starfi

Í upphafi dags byrjar Hrannar á að fara yfir tölvupóst til að athuga hvaða erindi hafi borist og/eða hvort það séu ákveðin verkefni sem liggja fyrir þann daginn. Fyrirtækið stækkar hratt og viðskiptavinum fjölgar, bæði stórum og smáum, og leggja þarf mat á hvort vekja eigi sérstaka athygli á nýjum samningum eða ekki. Einnig er verið að skoða ýmis samfélagsmál sem fyrirtækið styður og hvernig eða hvort eigi að vekja athygli almennings á þeim. Í starfinu koma upp atvik með stuttum fyrirvara sem bregðast þarf við skjótt og örugglega og því er stór hluti starfsins ákvarðanir sem hafa ekki langan aðdraganda. Til að geta sinnt starfinu vel þarf Hrannar að setja sig inn í mörg ólík mál til þess að hafa góða tilfinningu og þekkingu fyrir umhverfinu án þess að vera of tæknilegur í tali. Nauðsynlegt er að geta útskýrt á „mannamáli“ gagnvart neytendum hvað er í gangi hverju sinni og upplýsa þá um málefni líðandi stundar. Hrannari finnst það kostur að hafa ekki tæknimenntun og geta þess vegna betur sett sig í spor þeirra sem ekki þekkja til og geti þar af leiðandi komið upplýsingum á framfæri á skýrari máta. Þar sem hann hefur það nýlega tekið við stöðunni, hefur hann ekki haft tíma til að móta starfið eins og hann kemur til með að gera í framtíðinni. Staða hans er hluti af stjórnendateymi Vodafone og því fylgja fundarsetur og ýmis verkefni starfinu.

Fyrri störf

Hrannar tók sér aldrei hlé frá námi og um sumarið að lokinni útskrift sóttist hann eftir starfi fréttamanns á Bylgjunni sem hann fékk. Um haustið sama ár var auglýst staða fréttamanns hjá Ríkissjónvarpinu sem hann sótti um og fékk og þar starfaði hann næstu 3 árin. Af Ríkisútvarpinu lá leiðin í allt aðra átt, í álverið í Straumsvík, þar sem Hrannar starfaði í 8 ár sem upplýsingafulltrúi og talsmaður fyrirtækisins. Starfið var mjög fjölbreytt og þegar hann byrjaði þar hófst til dæmis mikil vinna við að miðla upplýsingum inn á við, þ.e.a.s. að miðla upplýsingum innan fyrirtækisins, búa til farveg fyrir

upplýsingar og koma á markvissum samskiptaleiðum sem höfðu ekki verið í nógu föstum skorðum. Á þessum tíma var einnig mikil uppbygging á innri vef fyrirtækisins sem hann tók virkan þátt í samhliða því að starfa náið með framkvæmdastjórn að ýmsum málum. Hann sinnti upplýsingagjöf til fjölmiðla og kom fram fyrir hönd fyrirtækisins.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Hrannari finnst að félagsfræðin hafi kennt honum að öll mál sé hægt að skoða frá fleiri en einni hlið og í ýmsum málum er enginn einn sannleikur til. Raunar á það ekki bara við um vinnuna heldur allan veruleikann. Hann segir félagsfræðileg nálgun á veruleikann hafa nýst vel í þeim störfum sem hann hefur sinnt þar sem þau hafa verið þess eðlis að ekki sé nein ein rétt niðurstaða í málum. Einstaklingurinn getur valið með hvaða hætti hann nálgast viðfangsefnið á hverjum tíma og út frá hvaða sjónarhorni hann skoðar það. Skoðanir fólks eru mjög ólíkar og ráðast af mörgum þáttum, ekki aðeins persónugerðinni heldur einnig félagslegum aðstæðum, menntun, tekjum, búsetu og svo framvegis og það er mikilvægt að sýna þeirri staðreynd virðingu, sem félagsfræðin hjálpar manni að gera. Í náminu fannst honum að kennarar hefðu mátt efla rökræður milli nemanda meira en gert var, hvetja til gagnrýnnar hugsunar og búa til vettvang þar sem nemendur hefðu tækifæri til að takast á og rökræða andstæð sjónarhorn. Í þeim störfum sem hann hefur starfað við hefur hann þurft að læra ákveðin hugtök sem notuð eru um rekstur fyrirtækja og fjármál sem ekkert er fjallað um í félagsfræðináminu. Ef hann ætti að gefa félagsfræðinni ráð þá myndi hann vilja sjá einhverja grunn kúrsa sem myndu útskýra lykilhugtök í rekstri og til dæmis hvaða þættir það eru sem stjórnendur fyrirtækja horfa á þegar rætt er um rekstur og rekstrartölur. Grunn útskýringar á lykilhugtökum í fjármálum hefði nýst honum vel í þeim stöfum sem hann hefur sinnt. Auðvitað geta einstaklingar nálgast þessar upplýsingar sjálfir en þar sem félagsfræðin er að skoða mjög markaðsdrifið samfélag þá telur Hrannar að slíkt ætti vel heima í náminu.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Hrannar myndi ráðleggja nemendum að bæta einhverju við þessa hefðbundnu félagsfræði sem færi eftir áhugasviði hvers og eins. Að bæta við þekkingu á viðskiptaheiminum væri mjög gagnlegt fyrir nemendur og veitti þeim fleiri tækifæri á vinnumarkaði. Menn eiga að sækja sér það sem þeir hafa áhuga á og vera óhræddir við að sækja um störf á víðum grundvelli. Háskólinn mætti einnig tengja námið meira við atvinnulífið og bjóða fyrrum nemendum að koma og vera gestafyrirlesarar til að kynna hvað þeir eru að gera á vinnumarkaðnum. Þetta myndi tengja námið betur við atvinnulífið og gefa nemendum færi á að sjá hvaða tækifæri bjóðast þeim að námi loknu.

HAFDÍS HANSDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1968.

Menntun

Lauk BA próf í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 með 30 einingar í fjölmiðlafræði. Á árunum 1995-1996 hélt Hafdís áfram námi og tók masterspróf í kvennafræðum við Lancaster University í Bretlandi. Hún hefur einnig lokið 18 einingum í rekstrar og viðskiptafræði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2000.



Staða og vinnustaður

Aðstoðarútibússtjóri hjá Kaupþingi banka hf.

Vikulegur vinnutími

Rétt rúmlega 40 stundir á viku en á álagstíma geta vinnustundir farið upp í allt að 50 stundir á viku.

Lýsing á núverandi starfi

Starfið er fjölbreytt og krefst mikilla samskipta bæði við viðskiptavinum og aðra starfsmenn bankans. Í daglegu starfi sinnir Hafdís viðskiptavinum sem hafa margvíslegar beiðnir um útlán eða aðra fyrirgreiðslu hvort sem það er í gegnum síma, tölvupóst, þjónustuver eða heimsóknir til bankans. Aðrir starfsmenn leita einnig til hennar til að bera undir og/eða fá samþykki fyrir lánveitingum og nauðsynlegt er að starfsmenn hafi gott aðgengi að útbússtjóra dagsdaglega. Hluti af starfsmannahaldi útbúsins er einnig skilgreindur sem hluti af starfi Hafdísar. Segja má að um 40% af starfinu sé upplýsingagjöf og/eða aðstoð til starfsmanna innan bankans og um 60% sé þjónusta við viðskiptavinum bankans. Þegar fyrirspurnir berast frá viðskiptavinum er mikilvægt að setja sig vel inn í hvert mál og skoða það út frá aðstæðum hverju sinni. Mikil samskipti eru við aðrar deildir bankans, fundarseta, vinnuhópar og fundir utan bankans taka töluverðan tíma í daglegu starfi. Mikil tenging er við atvinnulífið og samfélagið í gegnum starfsemi bankans sem gerir starfið afar fjölbreytt.

Fyrri störf

Eftir menntaskóla gerði Hafdís tveggja ára hlé frá námi og á þeim tíma vann hún hjá verslun sem seldi heimilisvörur. Fyrst vann hún þar samhliða námi í menntaskóla og fór svo í fullt starf þegar skólanum lauk. Í upphafi vann hún við innslátt í bókhaldi en fluttist síðan í þjónustudeild þar sem tekið var við biluðum heimilistækjum og þau skráð til viðgerðar. Hún starfaði á ferðaskrifstofu tímabundið við símvörslu áður en hún hóf BA nám. Eftir að hafa lokið BA prófi vann Hafdís í 2 ár hjá svæðisskrifstofu í málefnum

fatlaðra. Fyrst sem deildarstjóri á samþýli fyrir fatlaða einstaklinga og síðan var hún færð yfir í nýtt úrræði sem var sjálfstæð búseta fjölfatlaðra einstaklinga. Eftir að hafa lokið framhaldsnámi starfaði sem áfengisráðgjafi í tæp 3 ár. Starfið var áþekkt því sem félagsráðgjafar sinna. Áherslan í þessu starfi var að aðstoða einstaklinga sem voru að koma úr meðferð eða afplánun við að finna húsnaði, hafa lágmarksframfærslu og benda á önnur úrræði sem þessir einstaklingar áttu rétt á að fá samkvæmt lögum. Eftir að hafa starfað þarna í þrjú ár var auglýst eftir jafnréttisráðgjafa í nágretta sveitafélagi Reykjavíkur og sótti Hafdís um starfið, fékk það og sinnti í tæpt ár. Ábyrgðarsvið hennar sem jafnréttisráðgjafi var að upplýsa og fylgja eftir stefnu og lögum sveitafélagsins í jafnréttismálum. Samhliða sótti hún nám í rekstrar og viðskiptafræðum og þar kynntist hún útibússtjóra banka sem bauð henni starf sem fyrirtækjafulltrúi. Eftir að hafa starfað þar í nokkur ár voru sameiningar og skipulagsbreytingar gerðar á bankanum og hann sameinaðist öðrum banka. Í framhaldi af þessari sameiningu sótti Hafdís um útibússtjóra-stöðu sem var ekki auglýst og búið að ráða í hana þegar hún sóttist eftir starfinu en á þessum tíma var Hafdís að koma til baka úr fæðingarorlofi. Þremur mánuðum síðar í framhaldi af skipulagsbreytingum var henni boðið að taka að sér aðstoðarútibússtjóra stöðu sem hún þáði og hefur sinnt síðan.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Jafnvel þótt Hafdís starfi í viðskiptalífínu finnst henni félagsfræðin nýttast sér vel í starfi við þá yfirborðsgreiningu sem nauðsynleg er til að skilja samfélagið. Fræðin æfa einstaklinga í að öðlast heildaryfirsýn og horfa á viðfangsefni með hlutlausum huga. Þegar viðskiptavinir koma þarf að greina þarfir þeirra og skoða alla þætti sem snerta þennan aðila ásamt því að taka mið af aðstæðum samfélagsins á hverjum tíma. Hún vinnur töluvert með tölfræði í sínu daglega starfi sem hún telur að sé meðvitaði þátturinn sem hún nýtir úr náminu en í mörgu öðru grípur hún til félagsfræðinnar sem oft er ómeðvitað en nýtist á svo ótal marga vegu. Til viðbótar félagsfræðinni og framhaldsnámi hefur hún tekið rekstrar og viðskiptanám sem nýst hefur í starfi þar sem ekkert er farið inn á þau svið í félagsfræðinni. Hún hefur einnig tekið viðbótarnám í stjórnun og mannauðsstjórnun sem vinnustaðurinn hefur haldið fyrir stjórnendur.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Á þeim tíma sem Hafdís útskrifaðist var erfitt atvinnuástand í landinu og margir samnemendur hennar hafa upplifað að BA prófið sé ekki nægjanlegt til að fá áhugavert starf og nauðsynlegt sé að bæta við sig framhaldsnámi. Hún er ekki sammála þessu og telur þetta frekar stafa af því hvernig fólk upplifir sína eigin menntun. Þú þarft að hafa sjálfstraust og öryggi þegar þú hefur lokið þessari menntun sem hún telur vera góðan grunn. Þeir sem stunda félagsfræði nám eða hafa lokið því þurfa að vera óhrædd við að sækja um allar tegundir starfa. Námið er víðtækt og góður grunnur að mörgum störfum. Félagsfræðingar eru mjög víða í störfum en mættu vera sýnilegri og hefur Hafdís rekið sig á að samstarfsmenn hennar gera ekki ráð fyrir að hún sé með aðra menntun en viðskiptafræði og eru því oft hissa þegar þeir fréttu að hún sé með félagsfræðimenntun en ekki viðskiptamenntun

INGÓLFUR HRAFNKELL INGÓLFSSON

Fæðingarár

Fæddur árið 1950.

Menntun

Ingólfur útskrifaðist árið 1979 sem Dipl. Soz frá Universität Bremen í Þýskalandi og í náminu lagði Ingólfur áherslu á heilbrigðisfélagsfræði. Upphaflega hóf hann námið á Íslandi en lauk því í Þýskalandi.

Staða og vinnustaður

Framkvæmdastjóri og aðaleigandi Fjármál heimilanna ehf.



Vikulegur vinnutími

Meðal vinnutími er um 50 stundir á viku en á vorin og haustin heldur Ingólfur námskeið og þá bætist við vinna um helgar.

Lýsing á núverandi starfi

Fjármál heimilanna annast alhliða fjármálaráðgjöf bæði er varðar sparnað og einnig fræðslu í sambandi við heimilisbókhald, lánakjör og undirbúning elli árána svo eitthvað sé nefnt. Að auki eru haldin námskeið á vorin og haustin þar sem einstaklingum eru kenndar meðal annars aðferðir í sparnaði, fræðsla er um hlutabréfamarkaðinn og haldin eru fyrirtækjanámskeið. Einnig heldur Ingólfur fyrirlestra víða um landa og skrifar greinar í blöð og tímarit. Hann hefur þegar gefið út eina bók og önnur er á leiðinni. Auk þessa sinnir hann daglegum rekstri fyrirtækisins og annast þau erindi sem berast.

Fyrri störf

Á meðan á náminu stóð var Ingólfi boðið að vinna við rannsóknarverkefni í 6 mánuði og á árunum 1979 til 1981 starfaði hann við kennslu. Hann kom aftur til Íslands árið 1981 og hóf fljótlega störf hjá Tryggingarstofnun Ríkisins (TR). Á þeim tíma voru aðeins 2 aðilar sem höfðu stöðuheitið sérfræðingar hjá TR og var hann annar þeirra. Í starfinu sinni hann félagslegu hliðinni sem snéri að örorkumötum sem stofnunin sinni og starfaði hann þar til ársins 1986. Eftir að hafa starfað hjá TR stofnaði Ingólfur sitt fyrsta fyrirtæki sem flutti inn og seldi umhverfisvænar byggingarvörur og starfrækti hann það fyrirtæki í 3 ár. Þegar starfsemi lauk hóf hann að vinna við umönnunarstörf, fyrst sem forstöðumaður hjá Styrktarfélagi vangefinna en síðar sem forstöðumaður hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík. Árið 1998 tók Ingólfur við framkvæmdastjórástöðu hjá Geðhjálp og starfaði þar til ársins 2000 en sú staða var auglýst á sínum tíma. Eftir að hafa starfað hjá svæðisskrifstofu fatlaðra og Geðhjálp hóf Ingólfur aftur störf hjá TR sem rekstrarstjóri. Honum var bent á að þessi staða væri að losna og hann hvattur til að sækja um hana. Hann starfaði þar sem rekstrarstjóri frá árinu 2001 til 2004 og sem slíkur bar hann ábyrgð

á þeim þáttum sem snéru að rekstrinum. Hann hafði umsjón með öllum fjárhagsliðum stofnunarinnar nema launum og um tíma leysti hann einnig af framkvæmdastjóra þjónustu og rekstrarsviðs. Árið 2004 voru gerðar skipulagsbreytingar hjá stofnuninni og þá nýtti Ingólfur tækifærið og setti á stofn fyrirtækið Fjármál heimilanna. Hugmyndin að fyrirtækinu hafði verið lögð fram sem tillaga til Nýsköpunarsjóðs árið 2002 og fékk hann jákvæð viðbrögð við tillögunni en ekki gefist tími fyrir en árið 2004 til að stofna fyrirtækið.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Ingólfur hefur unnið við margvísleg og ólík störf og honum finnst menntunin sem slík nýtast honum mjög vel og jafnvel aldrei eins vel og í ráðgjafastarfi Fjármála heimilanna. Sú félagslega sýn á þjóðfélagið sem menntunin veitir, gefur vítt sjónarhorn sem er ólíkt sýn annarra fræðigreina. Félagfræðin skoðar allt frá víðu sjónarhorni sem er til dæmis ólíkt hagfræðinni. Í gegnum tíðina hefur Ingólfur verið mjög duglegur að sækja ýmis námskeið bæði styttri og lengri og hefur hann sótt mikið í endurmenntunarnámskeið. Þegar hann hóf störf við umönnum lærði hann táknmál og sat námskeið sem vörðuðu þekkingu á málefnum fatlaðra. Í tengslum við atvinnureksturinn hefur hann sótt nám í bókhalði, hvernig eigi að greina og lesa ársreikninga og að auki hefur hann sótt nám í verðbréfamiðlun svo eitthvað sé nefnt.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Hans eigið nám var mjög fræðilegt en lítil áhersla var lögð á tölfræði. Hann saknar þess ekki og finnst að hér á landi mætti leggja meiri áherslu á kenningar og fræðilega hluta námsins en gert er. Ef einstaklingur vill stunda rannsóknir og/eða vinna við kannanir þá finnst Ingólfi að einstaklingar eigi að geta aflað sér þeirra sérþekkingar, annað hvort í náminu eða með símenntun. Honum finnst mjög mikilvægt að leggja áherslu á fræðilega hlutann því í dag er svo auðvelt að afla sér viðbótarþekkingar hvort sem það er í aðferðafræði eða viðskiptafræði. Fræðilegi hlutinn er hinsvegar það besta veganesti sem Ingólfur fékk úr sínu námi þar sem þjálfuð var upp gagnrýnin hugsun. Í hinu daglega lífi er gott að prófa kenningar og því er félagsfræðin ekkert síður góður grunnur fyrir viðskiptalífið. Praktísk atriði eins og að lesa ársreikninga er hægt að afla sér samhliða breyttum aðstæðum eða eftir því á hvaða sviði maður starfar, en erfiðara er að þjálfva með sér gagnrýna hugsun.

HELGA G. HALLDÓRSDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1949.

Menntun

Lauk BA prófi í almennri þjóðfélagsfræði með félagsfræði sem aðalgrein frá Háskóla Íslands árið 1975. Helga lauk einnig uppeldis- og kennslufræðum frá sama skóla árið 1981 og diplómanámi frá endurmenntun Háskóla Íslands í markaðs- og útflutningsfræðum árið 1998.



Staða og vinnustaður

Sviðsstjóri innanlandssviðs hjá Rauða krossi Íslands.

Vikulegur vinnutími

Vinnuvikan er um 45 stundir en við bætast fundir með sjálfbóðaliðum og námskeið sem oft eru á kvöldin og um helgar. Álagið er árstíðabundið en annasamast er á vorin og haustin.

Lýsing á núverandi starfi

Undir innanlandssvið falla verkefni sem eru sum samningsbundin til langs tíma en önnur eru átaksverkefni sem geta verið breytileg og tímabundin. Gerð er landskönnun á nokkurra ára fresti þar sem metið er hjá hvaða hópum þörfin er mest í þjóðfélaginu. Það er hlutverk landsskrifstofu og þar með innanlandssviðs að fylgja eftir stefnu og samþykktum félagsins hverju sinni, setja á stofn verkefni, skipuleggja þau og kynna fyrir starfandi deildum. Oft eru verkefnin unnin í samstarfi við aðra aðila svo sem heilbrigðis-kerfið, félagsmálayfirvöld, Útlendingastofnun og önnur félagasamstök. Þegar átaksverkefnum lýkur eru þau yfirleitt yfirtekin af sveitarfélögum eða ríki. Stór þáttur af starfi Helgu er að vinna með sjálfbóðaliðum að því að móta verkefni og miðla þeim á milli deilda sem eru 50 að tölu og staðsettar víða um land. Í þeim föstu verkefnum sem Rauði krossinn er samningsbundin þarf að þjálfa sjálfbóðaliða til að takast á við starfið, gæta að framþróun og uppfæra fræðsluefni sem viðkemur verkefninu. Mikið er um frumkvöðla-starf þar sem nýjum verkefnum er komið á laggirnar og þá oft í kjölfar þarfagreiningar. Til að nefna nokkur þeirra verkefna sem falla undir ábyrgðarsvið Helgu eru skyndihjálp og neyðarvarnir, en Rauði kross Íslands gegnir vegamiklu hlutverki í almannavörnum landsins, heimsóknavinir, stuðningur við geðfatlaða, Hjálparsíminn1717, innflytjenda-verkefni og þar með málefni hælisleitenda og flóttamanna. Einnig er unnið að forvarnarstarfi fyrir börn og ungmenni meðal annars með því að þjálfa leiðbeinendur og koma að rekstri og uppbyggingu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi og nú nýverið á Akureyri.

Fyrri störf

Eftir stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands tók Helga sér árs hlé frá námi og starfaði við bókhald. Eftir BA námið vann hún með vinnuhópi sem undirbjó fjölbrautarskólakerfi sem enn er við lýði. Helga kenndi í eitt ár við Fjölbrautaskólann í Breiðholti en flutti síðan út á land og starfrækti garðyrkjustöð með manni sínum næstu 23 árin ásamt því að kenna. Að auki tók Helga virkan þátt í sveitarstjórnarmálum í 12 ár. Hún sat í fjölmörgum stjórnnum og nefndum, meðal annars í stjórn fyrirtækisins LímtréVírnet ehf fyrir hönd Bygðastofnunar og sinni stjórnarformennsku í nokkur ár. Hún var um tíma formaður skólanefndar Menntaskólans á Laugarvatni, sat í stjórn Hótels Flúða og var í stjórn Svæðisskrifstofu vinnumiðlunar á Suðurlandi. Hún tók þátt í starfi nefndar sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setti á stofn þar sem fjallað var um möguleika lítilla og millistorra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi á erlendri grund og um samkeppnishæfni þeirra. Á ári fjölskyldunnar var fjölmenn nefnd sett á laggirnar á vegum ríkisstjórnarinnar og var Helga ein af fulltrúum hennar. Stjórnsmálaflokkar nýttu sér framlag nefndarinnar og settu sum þeirra málefna sem unnin voru í nefndinni inn í stefnuskrár sínar. Eins og sést hefur Helga verið virk í félagsmálum og unnið að frumkvöðlaverkefnum sem einkennir hennar starfsferil. Árið 1999 sótti Helga um starf yfirmanns innanlandssviðs Rauða krossins og hefur sinnt því síðan.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Félagsfræðin hefur nýst Helgu vel bæði í starfi og félagsmálum. Fræðin og ferillinn hafa kennt henni að einstaklingurinn verður aldrei fullnuma. Það er alltaf hægt að bæta við sig þekkingu en námið sem slíkt er fjölbreytt og yfirgrípsmikið og gefur nasasjón af mörgum sviðum. Þegar félagsfræðingur er í þeirri aðstöðu að hann þarf að kafa dýpra í mál, er auðvelt að byggja á náminu. Á þeim tíma sem hún var í BA náminu var kennslan enn í mótun og fengu nemendur að taka virkan þátt í henni. Erlendir fyrirlesarar voru allmargir og gáfu nemendum nýja sýn. Helga hefur tekið fjölmörg námskeið í gegnum tíðina. Í tengslum við kennsluna bætti hún við sig í ensku og aðferðafræði og víkkaði út þekkingu sína í stjórnun og starfsmannamálum en ekki var lögð áhersla á þá þætti í BA náminu.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Helga fullyrðir að námið sé mjög gagnlegt og skoðun hennar er sú að félagsfræðinám sé grunnnám sem gefur góða sýn á þjóðfélagið og býður upp á marga möguleika. Hún hvetur nemendur til að bæta við sig námi erlendis með því að taka meistaranám eða fara í skiptinám á námstímanum og öðlast með því fjölbreyttari reynslu.

JÓHANN HAUKSSON

Fæðingarár

Fæddur árið 1953.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1981 og stundaði meistaranám við háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Staða og vinnustaður

Sjálfstætt starfandi blaðamaður og sjálfstætt starfandi útvarpsmaður hjá Útvarpi Sögu.



Vikulegur vinnutími

Vanalegur vinnutími er um 50 til 60 stundir á viku.

Lýsing á núverandi starfi

Frá því í september árið 2006 hefur Jóhann verið með útvarpsþátt á hverjum virkum morgni milli klukkan kl. 7 og 9 á útvarpi Sögu. Í þættinum er fjallað um ýmis mál sem snerta þjóðfélagið svo sem stjórnsmál, hagstjórnarmál og velferðarmál. Hann fjallar einnig um fréttir líðandi stundar og fær til sín einstaklinga í viðtöl. Þátturinn er undirbúinn deginum áður og töluverður tími fer í samskipti við viðmælendur og skipuleggja efnistöð komandi þáttar. Jóhann leggur mikla áherslu á að vera vel upplýstur um það sem er að gerast í þjóðfélaginu og töluverður tími fer í að fylgjast með fréttum og umræðum. Að auki heldur hann úti vefsíðu sem hann uppfærir á hverjum degi að aflokinni útsendingu þar sem hann situr inn þátt dagsins svo að hægt sé að hlusta á hann í gegnum netið. Hann ritar einnig inn á vefsíðuna aðaláherslur úr þeim viðtölum sem voru í þættinum. Mikill hraði fylgir þessu starfi og mikilvægt er að koma upplýsingum á vefinn sem fyrst. Komið var að máli við hann og hann beðinn um að stjórna morgunþættinum og hefur hann ritstjórnarlegt frelsi í sinni umfjöllun. Jóhann skrifar einnig greinar í blöð og sömu megin áherslur eru í skrifum hans þar og eru í útvarpinu. Hann skrifar bæði langar greinar sem taka mið af rannsóknarblaðamennsku, þar sem málefni er krufið til mergjar, og styttri pistla þar sem fram koma viðhorf hans og skoðanir á tilteknu málefni. Í pistla skrifum sínum nýtir Jóhann menntun sína, reynslu og brennandi áhuga á þjóðmálum í nálgun sinni og við framsetningu á efni. Oft fæðast hugmyndir að pistlum og greinum í spjalli morgunþáttarins.

Fyrri störf

Þegar Jóhann var um tvítugt tók hann sér hlé frá námi og starfaði hjá Pharmaco við lyfjaafgreiðslu til apóteka. Þegar hann var að ljúka BA námi vann hann að undirbúningi á ráðstefnu. Í framhaldi af þeirri vinnu var haft samband við hann og honum boðið að koma og kenna við framhaldsskóla í Reykjavík. Eftir fyrstu önnina var hann orðinn deildarstjóri

í félagsfræði og starfaði þar í 5 ár. Á þeim tíma kenndi hann meðal annars félagsfræði og fjölmiðlafræði. Meðan hann starfaði sem kennari fékk Jóhann námsleyfi og fór til Lundar í Svíþjóð til að stunda meistaranám í félagsfræði. Þegar hann kom aftur til landsins fór hann aftur að starfa sem kennari en fékk einungis hlutastarf. Hann sótti því um sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu þegar auglýst var staða á fréttastofunni og fékk. Hann starfaði hjá útvarpinu næstu 18 árin. Á þeim tíma starfaði hann meðal annars sem yfirmaður svæðisstöðva og sem dagskrárstjóri Rásar 2. Sem stjórnandi bar hann ábyrgð á rekstrarlegum þáttum og þróun svæðisstöðvanna. Á þeim tíma sem Jóhann starfaði hjá útvarpinu voru gerðar miklar breytingar á útsendingum þar sem útvarpsmenn voru þjálfaðir í koma með fréttir bæði fyrir útvarp og sjónvarp. Þetta var mikil breyting á sínum tíma þar sem þessir þættir höfðu alltaf verið aðskildir. Breyta þurfti verkferlum og tæknivæða fréttamenn og gera tæknimenn hæfa til að taka myndir fyrir sjónvarp. Þetta starf var unnið til að þess að hægt væri að fá fréttir á rauntíma frá öllum landshlutum og gera landsbyggðina sýnilegri. Eftir að hann lauk starfi hjá ríkisútvarpinu starfaði hann sem blaðamaður hjá Fréttablaðinu í 1 ½ ár.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Jóhann hefur alltaf haft mikinn á huga á félagsfræði og málefnum því tengt og hefur lesið mikið í gegnum tíðina og fylgst með fræðigreininni. Að grúska í einhverju málefni gefur einstaklingi ákveðið sjónarhorn og að draga fram ákveðin sjónarhorn er ekki hægt nema að grípa til menntunarinnar. Menntunin gefur því einstaklingum þann hæfileika að gera sér grein fyrir ólíkum sjónarhornum og skoða þau og vega og meta. Jóhann hefur alltaf haft áhuga á viðskiptalífínu og hagfræði sem fréttamaður og í seinni tíð hefur áhugi hans færst yfir á völlum stjórnmála. Hann hefði viljað hafa meiri kunnáttu í rekstrarhagfræði vegna áhuga síns á viðskiptalífínu en annars hefur þekking og kunnátta úr náminu nýst þrýðilega fyrir blaða og fréttamenskuna.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Jóhann er mikill aðdáandi þróunarsálfræði og félagssálfræði og hefur lesið töluvert um það efni þar sem hann hefur áhuga á því að skoða hver eru áhrif tungumálsins og samskipta. Jóhann hvetur fólk til að vera gagnrýni í hugsun og taka ekki við öllu sem að okkur er rétt. Við eigum sjálf að móta okkar skoðanir, taka á móti upplýsingum á sjálfstæðan máta og vinna úr þeim. Honum finnst vera alltof mikið af full matreiddum skoðunum í veröldinni. Hann hvetur því nema til að vera gagnrýnir í hugsun og greina á milli þess sem er satt og ósatt. Sannreyna ef hægt er og sneiða framhjá tilbúnum skoðunum annarra.

HILDUR FRÍÐRIKSDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1953.

Menntun

Lauk BA prófi frá Háskóla Íslands í félags- og atvinnulífsfræði árið 2002 og MA námi í félagsfræði frá sama skóla árið 2004.

Staða og vinnustaður

Forstöðumaður hjá Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahús.



Vikulegur vinnutími

Hildur er í 80% starfi sem forstöðumaður og vikulegur vinnutími er því um 32 stundir. Hún er nýkomin úr starfi þar sem vikulegur vinnutími var 43-48 stundir.

Lýsing á núverandi starfi

Hildur hefur nýlega tekið við því starfi sem hún sinnir í dag og er starfið því enn í mótun. Meðal daglegra verkefna er almenn fjármálaumsýsla, að skipuleggja málstofur, opna fundi og koma að kynningu á meistaraverkefnum nemanda. Mikil skipulagsvinna er unnin þegar kemur að undirbúningi að málstofum, opnum fundum, útgáfu fréttabréfa og ráðstefnum og að sinna þeim verkbeiðnum sem berast. Við mótun þessa starfs ætlar Hildur að tala við alla kennara deildarinnar og sjá hver sýn þeirra er á því starfi sem ætti að fara fram á rannsóknarstofnuninni en meginmarkmið hennar er að styðja við og efla rannsóknarstarf. Starfinu fylgja einnig mikil fundarhöld og samráðsfundir um starfseminna. Samskipti eru stór þáttur og þegar er mikið samstarf við hjúkrunarfræðideildina en Hildur ætlar að efla samstarfið enn frekar við Landspítala - háskólasjúkrahús. Fara þarf yfir umsóknir um styrki og ganga frá styrkveitingum og Hildur er ritstjóri bókar sem kemur út í haust þar sem birtir eru útdrættir úr BS og MS verkefnum nemenda sem lokið hafa námi við hjúkrunarfræðideild sl. 10 ár og þeirra nema sem lokið hafa embættisprófi í ljósmóðurfraði. Starfið er því afar fjölbreytt og krefst mikils skipulags.

Fyrri störf

Áður en Hildur fór í háskólanám þá starfaði hún hjá Morgunblaðinu frá 18 ára aldri, fyrst sem ritari en síðar sem blaðamaður. Þar starfaði hún einnig samhliða háskólanámi sínu en hætti um það leyti sem hún hóf framhaldsnám. Að afloknu BA námi var leitað til Hildar og henni boðið að vinna við rannsókn þar sem vinnuumhverfi starfsmanna í útibúum banka og sparisjóða var skoðað og fékk hún Vinnueftirlitið í samstarf. Þetta tækifæri kom til vegna BA verkefnis Hildar sem hafði fjallað um líðan, vinnuumhverfi og heilsu starfsfólks á fjármálamörkuðum. Rannsóknina um líðan og vinnuumhverfi starfsmanna í útibúum banka og sparisjóða notaði Hildur síðan sem grunn að meistaranámi sínu. Í

framhaldsnáminu vann hún einnig að ýmsum verkefnum svo sem greinaskrifum og tók þátt í öðrum rannsóknum. Eftir að hafa lokið framhaldsnámi starfaði hún sem verkefnastjóri í 2 ½ ár hjá Verzlunarskóla Íslands, í samstarfi við fleiri aðila, við að koma á laggirnar nýrri tegund af námsleið fyrir fullorðna einstaklinga sem unnu í verslunum. Námið var fyrir þá sem voru í vinnu og var stundað samhliða starfi. Þegar staðan var auglýst sóttu um 80 manns um hana. Mikið uppbyggingarstarf var unnið í þessu starfi þar sem móta þurfti námið og vekja áhuga einstaklinga til að sækja það. Margir af þeim sem sóttu námið voru einstaklingar sem höfðu hætt snemma í skóla og töluvert þurfti að hvetja fólk til að sækja námið þar sem margir af þeim er það sóttu höfðu ekki verið í skóla í langan tíma. Það starf sem Hildur sinnir í dag var auglýst en henni var bent á að sækja um sem hún og gerði.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Hildur nær vel að tengja menntunina við starfið og ef fyrst er litið til starfa hennar sem verkefnastjóri fyrir Verzlunarskólann þá tók hún meðal annars að sér kennslu sem sneri að andlegum og félagslegum áhættuþáttum. Það sem Hildur saknar í náminu er betri fjármálakunnátta, hún hefði vilja hafa meiri innsýn í rekstur. Hún býr engu að síður yfir þekkingu frá námsárum sínum í Verzlunarskólanum en hefði viljað hafa betri þekkingu meðal annars á því hvernig hægt er að nýta fjármuni sem best og á hvaða máta er farsælast að stjórna fjármálum. Þegar uppgangur er í samfélaginu og samkeppni um vinnuafli telur Hildur að meiri áhugi sé fyrir því að rannsaka líðan starfsmanna í vinnu og vinnuumhverfi með það fyrir augum að gera vinnustaði eftirsóknarverðari. Þegar skilyrði í samfélaginu verða verri, fjöldi atvinnulausra eykst og samkeppni um vinnuafli verður ekki eins mikil er hætta á að fyrirtæki spari þegar kemur að slíku starfi. Hildi finnst að í því samfélagi sem við búum í dag séu það fyrst peningar sem skipta máli og síðan kemur líðan starfsmanna. Í mannauðstjórnun er lögð áhersla á fjárhagshliðina en í félagsfræði er meiri áhersla á vellíðan starfsmanna og því standa þeir einstaklingar sem hafa menntað sig í mannauðsstjórnun betur að vígi en félagsfræðingar þegar kemur að vinnu-markaðnum vegna þessara ólíku áherslna í náminu.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Hildur myndi ráðleggja nemendum að velja fremur námskeið á svipaðri línu. Þegar kemur að framhaldsnámi þá er framboð námskeiða oft ekki nægjanlegt og þar af leiðandi er það farsælla fyrir nemendur að vera þegar búnir að velja sér áhugasvið til að námið nýtist þeim á sem bestan máta. Hún telur að sérhæfingin gagnist betur þar sem nemendur fá dýpri skilning á ákveðnu viðfangsefni í stað þess að dreifa kröftum sínum of mikið. Þegar kemur að því að sækja um starf að námi loknu er sterkara að geta sagst hafa sérhæft sig á ákveðnu sviði. Þar sem félagsfræðin býður meðal annars upp á atvinnulífsfræði þá mætti flétta inn í það nám viðskiptafræði á félagsfræðilegum forsendum. Nemendur eiga ekki að þurfa að taka viðskiptafræði til að fá innsýn í rekstrarumhverfi heldur væri það góður undirbúningur fyrir nemendur ef þeir gætu samþætt það námi sínu í atvinnulífsfræðinni. Nálганir félagsfræði og viðskiptafræði eru ólíkar og félagsfræðinemendur eru ekki endilega að leita eftir því hvernig eigi að reikna allt til þrautar, heldur frekar að öðlast yfirsýn á viðskiptahlið atvinnulífsins og fyrirtækja.

KRISTINN EINARSSON

Fæðingarár

Fæddur árið 1956.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1981 og á sama tíma lauk hann uppeldis og kennslufræði frá sama skóla.

Staða og vinnustaður

Aðstoðarframkvæmdastjóri verslunarviðs Húsamiðjunnar og hann gengir að auki stöðu framkvæmdastjóra Blómavals sem er í eigu Húsasmiðjunnar en hjá fyrirtækinu vinna um 1000 manns.



Vikulegur vinnutími

Vanalegur vinnutími er frekar langur eða um 60 til 65 stundir á viku.

Lýsing á núverandi starfi

Mikil skipulagsvinna fylgir starfi Kristins. Í lok hvers árs er unnið að áætlanagerð í sölumálum og gerðar eru kostnaðaráætlanir fyrir komandi ár. Einnig er skipulagt söludagatal þar sem sett er fram skipulag fyrir komandi ár þ.e.a.s. á hvað á að leggja áherslu á í sölu og markaðssetningu en Kristinn ber ábyrgð á sölu og þjónustu allra verslana Húsasmiðjunnar sem eru nú 28 talsins. Starfinu fylgja því mikil samskipti og fundarsetur við rekstarstjóra, vörustjóra og aðra framkvæmdastjóra. Allt sem kemur að markaðsmálum og samskiptum við viðskiptavinina eins og framsetning vöru og merkingar hennar fellur undir starfssvið Kristins og samfara því eru mikil samskipti við rekstarstjóra og starfsmenn verslana og skipulagning á framkvæmd kaupmennskunnar. Þegar komið er að viðburði á söludagatalinu þarf að gæta þess að varan sé til og að verslanir eigi til nægjanlegt magn af vörunni og hafi sett hana fram á viðeigandi máta. Einnig þarf að skipuleggja auglýsingar með tilliti til söludagatalsins. Stefnumótun, áætlanir og skipulag er stór þáttur af starfinu ásamt skipulagningu og stjórnun á markaðsmálum.

Fyrri störf

Eftir að hafa lokið stúdentsprófi kenndi Kristinn einn vetur á Höfn í Hornafirði. Starfið var auglýst og hann sótti um það. Eftir veturinn kom hann aftur suður og hélt áfram að starfa við kennslu. Hann hóf störf hjá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) eftir að kennari við háskólann hafði bent á hann í starfið. Upp úr 1982 hóf hann störf við MR þar sem hann kenndi meira og minna næstu 15 árin. Hann kenndi félagsfræði allan tímann en starfið var ekki fullt starf og því varð svo úr að hann hóf störf hjá Blómavali í markaðs og sölumálum. Hann vann því í þessum tveimur ólíku störfum allt þar til Húsasmiðjan keypti Blómaval og þá tók Kristinn við stöðu framkvæmdastjóra Blómavals og lét af

kennslunni. Í Blómavali hafði hann starfað náið með framkvæmdastjóranum og hafði frá árinu 1987 verið sölustjóri.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Kristni finnst að félagsfræðin sem fræðigrein hafi hjálpað honum mjög snemma í starfi að markaðsmálum og átt vel við þann málaflokk. Að þekkja þjóðfélagið, skynja það og þar með talið markaðinn er eitthvað sem honum finnst hafa gagnast vel úr náminu. Að meta kauphegðun og hafa skilning á því hvernig eigi að sitja hlutina fram og kynna þá fyrir viðskiptavinum byggir allt á þessum skilningi og er þetta stór þáttur af þeim árangri sem hann hefur náð í viðskiptalífinu. Hann er ekki viss um að viðskiptafræðin hefði nýst honum jafnvel og félagsfræðin hefur gert miðað við þau störf sem hann hefur sinnt á sínum ferli. Að skynja tíðarandann, meta gangverkið í þjóðfélaginu og ákveða hvað eigi að bjóða til sölu, til hvað hópa á að höfða og á hvaða tíma skiptir höfuðmáli í markaðssetningu og því er þessi samfélagslegi skilningur mikilvægur. Þegar Kristinn fór út á vinnumarkaðinn á sínum tíma þá fann hann fljótlega að hann skorti tölvuþekkingu þar sem sú kennsla var afar takmörkuð í náminu. Hann telur að leggja megi meiri áherslu á nám í algengum forritum við háskólann svo að nemendur séu betur undirbúnir þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn. Þegar hann starfaði sem sölustjóri þá lærði hann smán saman þau hugtök sem tengjast rekstri fyrirtækja en þótt hann hafi ekki lært þau í skóla þá telur hann sig hafa betri tilfinningu gagnvart samfélaginu en þeir sem hafa viðskiptafræðimenntun.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Mikilvægt er að nemendur átti sig á hversu góður undirbúningur félagsfræðinámið er fyrir atvinnulífið og að einstaklingar horfi vilt á möguleika sína til starfa. Hann er oft spurður hvernig félagfræðin hafi nýst honum í starfi og hvort hann sé nokkuð að vinna við eitthvað sem tengist henni. Hann svarar því hiklaust játandi og upplifir að hann sé að nýta menntunina á hverjum degi. Fólk á að vera opið og víðsýnt gagnvart sínum framtíðar möguleikum því námið er mjög góð undirstaða. Það veitir fólki forskot til að skilja umhverfið betur en margir aðrir. Félagfræðin er líka góður undirbúningur fyrir störf við mannauðspátt fyrirtækja og til að fylgja eftir t.d starfsmanna- og fjölskyldustefnum fyrirtækja. Kristinn telur að félagsfræðin sé að einblína um of á akademíska þáttinn en tengi sig ekki nægjanlega við vinnumarkaðinn. Félagfræðin er miklu viðskiptavænni en margir halda og mættu háskólar bjóða upp á framhaldsnám sem tengdist viðskiptafræði, markaðsfræði eða mannauðsmálum á félagsfræðilegum grunni.

JÓNÍNA HELGA ÞÓRÓLFSDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1971.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði með áherslu á atvinnulífsfræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Hún hafði tekið ½ ár í stjórnmálafræði í Danmörku en þar kviknaði áhugi hennar á alþjóðasamskiptum. Jónína fór í framhaldsnám og lauk MA prófi í alþjóðasamskiptum árið 2001 frá Syracuse University í New York. Hún tók hluta af meistaranámi sínu í London.



Staða og vinnustaður

Söluráðgjafi í sölu og markaðsdeild hjá Gutenberg.

Vikulegur vinnutími

40 stundir á viku.

Lýsing á núverandi starfi

Í því starfi sem Jónína sinnir í dag er áhersla á markaðsmál þar sem fókusinn er að fá stjórnýsluna og félagasamtök í samstarf við fyrirtækið. Þetta er átaksverkefni sem hún sinnir tímabundið. Í starfinu felst að taka við tilboðum og söluáætlunum frá viðskiptavinum og gera tilboð í verkefni. Síðast liðið vor var sérstakt átak í að fá stjórnmálaflokka til samstarfs fyrir alþingiskosningarnar.

Fyrri störf

Þegar Jónína var í háskólanámi hóf hún störf sem flugfreyja og vann við það eftir að BA námi lauk eða til ársins 1997. Eftir það hóf hún störf hjá ráðningarþjónustu og vann þar í eitt ár en starfið fékk hún þegar hún ætlaði að skrá sig hjá þeim. Flugíð togaði í hana og hún hóf aftur störf í þeim geira hjá Íslandsflugi og vann þá bæði í innanlands og millilandaflugi. Þar var hún í um 2 ár en hélt síðan til framhaldsnáms í Bandaríkjunum. Á meðan hún starfaði í fluginu tók hún virkan þátt í samningaviðræðum sem áttu sér stað milli stéttarfélags flugfreyja og flugfélagsins. Eftir að hafa lokið framhaldsnámi hóf hún störf á skrifstofu Lifandi vísinda og var þar tímabundið. Árið 2003 hóf Jónína störf fyrir Utanríkisráðuneytið í sendiráði Íslands í Kanada og vann þar í 6 mánuði. Í framhaldi fór hún að vinna við afleysingar í markaðs og samskiptadeild Háskóla Íslands og svo á skrifstofu rektors. Í byrjun árs 2006 hóf hún aftur störf fyrir Utanríkisráðuneytið og í þetta sinn fór hún til Afganistan. Henni var bent á að sækja um þessa stöðu og réði sig upphaflega til fjögurra mánaða en starfaði þar í 9 mánuði. Í byrjun dvalarinnar þurfti Jónína að setja sig inn í aðstæður á svæðinu, daglegt líf íbúanna og kynnast ólíkri menningu. Þegar hún fór til Afganistan var starfið ekki fullmótað og hafði hún frelsi til að

móta það. Jónína mótaði starfið út frá forsendum þróunarfulltrúa og vann við að aðstoða við uppbyggingu á svæðinu. Töluvert var unnið með stjórnsýsluna og að uppbyggingu hennar. Unnið var að forvörnum sem oft reyndist erfitt þar sem hugtakið sem slíkt er ekki ríkjandi í menningu íbúanna. Lögð var áhersla á að vinna við vatnsaflsvirkjanir þar sem 80% landsins er rafmagnslaust. Einnig þurfti að leita eftir stuðningi samtaka innan alþjóðasamfélagsins til að byggja upp skóla, leggja vegi og brýr, byggja brunna og/eða fjármagna annað sem sárlega vantaði. Mikið var unnið með hjálparsamtökum eins og Rauða Hálfmánanum, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og svo framvegis. Á meðan Jónína dvaldi í Afganistan kom hún að verkefni sem snéri að ekkjum landsins. Mikil fátækt er í samfélaginu og vegna ríkjandi hefða er þessi hópur á jaðri þess og oft á tíðum mjög fátækur og fær litla sem enga aðstoð. Þegar hún snéri til Íslands eftir dvölinna í Afganistan tók hún að sér að ritstýra útgáfu á blaði sem Unifem gefur út árlega en hún hefur setið í stjórn þess frá árinu 2004 og unnið þar sjálfbóðaliðastarf. Hún var um tíma með útlagsþátt sem fjallaði um alþjóðamál í tengslum við mannréttindi og þróunarmál samhliða útgáfu blaðsins en þegar því lauk komu stjórnendur í Gutenberg að máli við hana og buðu henni starf.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Jónínu hefur alltaf fundist að aðferðafræðin og að sjá hlutina frá víðu sjónarhorni (macro hugmyndafræði) sem kennd er í félagsfræði hafa reynst henni mjög vel í því sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. Mikilvægi rökhusunar, sem mikil áhersla er lögð á í félagsgreinum er eitthvað sem auðvelt er að grípa til í daglegu starfi sama hversu ólík störfín eru. Sú kunnátta að vita hvar eða hvert þú getur leitað eftir upplýsingum er mjög gagnleg og gott að grípa til. Hún hefur einnig tekið styttri námskeið meðal annars í verkefnastjórnun sem hún telur hafa verið mjög gagnlegt þar sem skipulag og utnumhald snertir öll dagleg störf.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Þegar nemendur eru búnir að velja sína leið þá eiga þeir að herja á fyrirtæki og tengja lokaverkefni sín við atvinnulífið til að fá alvöru viðfangsefni til að vinna með. Þetta getur verið mjög gagnlegt fyrir nemendur þegar þeir sækja um vinnu að námi loknu. Hún telur að atvinnulífið sé tilbúið fyrir þetta samstarf þar sem oft eru verkefni sem fyrirtæki vilja fá unnin en vantar fólk til að sinna þeirri vinnu. Nemendur eiga því að vera vakandi yfir þeim tækifærum sem eru á vinnumarkaði þegar kemur að slíku samstarfi. Nemendur ættu einnig að vera opnir fyrir því að skipta náminu upp á milli tveggja faga. Ýmsar greinar eru farnar að kenna félagsfræði sem hluta af sínu námi og mætti félagsfræðideildin við Háskóla Íslands í meira mæli bjóða nemendum slíkt hið sama.

KRISTINN KARLSSON

Fæðingarár

Fæddur árið 1950.

Menntun

Lauk BA námi í almennri þjóðfélagsfræði með félagsfræði sem aðalgrein frá Háskóla Íslands árið 1978. Hann lauk MA námi í félagsfræði árið 1983 við Háskólinn í Lundi í Svíþjóð.

Staða og vinnustaður

Sérfræðingur á sviði atvinnu- og félagsmála hjá Hagstofu Íslands.



Vikulegur vinnutími

Vinnustundir á viku eru aldrei færri en 44 stundir.

Lýsing á núverandi starfi

Í starfinu felast reglubundin verkefni sem taka mið af árstíma. Kristinn ber ábyrgð á allri tölfræði á sviði félagsverndar þar sem haldið er utan um útgjöld til félagsverndar eftir stöðlum Evrópusambandsins annarsvegar og Norðurlandanna hinsvegar. Safnað er saman upplýsingum um neytendur sem skiptist annarsvegar í greiðslur lífeyrir og bætur og hinsvegar niðurgreiðslu á stofnanahjónustu. Félagsverndin er skilgreind vítt og tekur einnig til útgjalda heilbrigðismála. Kristinn er einn af þrem fulltrúum Íslands í NOSOSKO (Norrænu hagskýrslu nefndinni á sviði félagsmála) sem árlega gefur út rit sem fjallar um útgjöld eftir sviðum. Einnig eru í henni lýsingar á kerfunum og upplýsingar um fjölda notenda. Áður en þetta samstarf hófst var lítið af upplýsingum safnað saman um félagsvernd hérlendis en þetta samstarf hefur stýrt uppbyggingu á tölfræði á þessu sviði á Íslandi, þar sem unnið er að því að hafa tölfræðina alþjóðlega samanburðarhæfa. Útgjaldatölur eru sóttar í reikninga Tryggingarstofnunar Ríkisins, lífeyrissjóða, sveitafélaga og ríkisins. Fyrir utan ofangreind útgjöld er upplýsingum um félagsþjónustu stærri sveitafélaganna safnað saman sérstaklega. Á sama hátt er safnað saman upplýsingum frá stofnunum aldraðra um fjölda vistmanna skipt eftir aldri og kyni. Upplýsingar berast frá ýmsum aðilum svo sem ráðuneytum og Barnaverndunarstofu og eru gögnin því að koma frá mörgum aðilum. Það er síðan hlutverk Kristins að halda utan um þessi gögn, vinna þau frekar og birta. Mikið er um alþjóðlegt samstarf og tekur Kristinn þátt í vinnuhópum bæði norrænum og á vegum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Fyrri störf

Eftir að hafa lokið 2 árum í háskóla hóf Kristinn störf við kennslu og var kennari í gagnfræðaskóla Hveragerðis á árunum 1973 til 1974. Á árunum 1974 til 1975 vann hann

að könnun á vegum Jafnréttisnefnda sveitarfélaga, þar sem skoðað var samspil vinnu- markaðar, heimila og viðhorf til jafnréttismála í fjórum bæjarfélögum. Þetta var í fyrsta sinn sem slík könnun var gerð hér á landi og því var mikil vinna að útbúa spurningarnar og móta gerð könnunarinnar. Við úrvinnslu þessara gagna var SPSS forritið notað í fyrsta sinn við Háskóla Íslands. Kristinn hefur komið að mótun og framkvæmd kannanna á líf skjörum sem Hagstofa Íslands sinnir þótt það sé ekki hans aðalverkefni. Kristinn fór aftur í kennslu á árunum 1976 til 1978 og kenndi hann þá stærðfræði í gagnfræðis- skólanum á Ísafirði. Hann hefur unnið töluvert í gerð kannana og eftir námsárin í Lundi vann hann aftur að hliðstæðri könnun um viðhorf til jafnréttismála í Reykjavík sem unnin var sjálfstætt en í tengslum við Háskóla Íslands. Á ári fatlaðra 1981 vann hann að könnun á aðstæðum þess hóps. Í framhaldi stýrði Kristinn hópi sem vann fyrir svæðisstjórn fatlaðra að úttekt á stöðu fatlaðra. Við gerð þessara kannana voru unnar skýrslur og starfaði hann sjálfstætt í þessu starfi til ársins 1983. Um haustið 1983 sótti hann um starf á Hagstofu Íslands þar sem hann starfar enn í dag. Þegar hann upphaflega hóf störf hjá Hagstofunni starfaði hann meðal annars við vísitöluútreikning og síðar við úrvinnslu sveitasjóðareikninga ásamt fleiri verkefnum.

Hvernig nýttist félagsfræðimenntunin í starfi?

Menntunin sem slík hefur nýst Kristni vel í starfi. Að skilja og skynja macro sjónarhornið og öll sú kunnátta sem snýr að greiningu. Hans aðaláhersla í lokaritgerðum hefur verið macro sjónarhorn og sú sýn hefur verið gagnleg í starfi. Að horfa á hlutina í víðu samhengi hefur verið hans áhugamál og stýrt þekkingarleit. Viðbótar þekkingu hefur hann aflað eftir hendinni sem hefur snúið af þeim verkefnum sem hann hefur verið að vinna að hverju sinni. Reynslan skapar þekkingu og samhliða lengri starfsaldri og þátttöku í fjölbreyttum verkefnum hefur tölvuþekking vaxið.

Rád fyrir nemendur í félagsfræði

Kristinn hafði ekki bein ráð fyrir nemendur þegar þeir eru í náminu sjálfu en að loknu námi vill hann ráðleggja fólki að starfa að félagsmálum. Hann myndi ráðleggja öllum þeim sem klára námið að vera virkir í kjara og fagfélögum þar sem það er bæði mikilvægt fyrir sjálfsmynd fagsins og stöðu á vinnumarkaði. Meðal annars vegna þess hve félags- fræðin er yfirgríps mikið fag er oft erfitt fyrir aðra að skilja hvað fagið felur í sér og því er mikilvægt að gera fagið sýnilegra.

RANNVEIG ÞÓRISDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1971.

Menntun

Lauk BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og MA gráðu í félagsfræði árið 2001 frá sama skóla.

Staða og vinnustaður

Deildarstjóri/félagsfræðingur í upplýsinga- og áætlunardeild hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Vinnur einnig sem stundakennari við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.



Vikulegur vinnutími

Meðal stundir á viku eru milli 40 og 50. Um 20% af þessum tíma er kennsla.

Lýsing á núverandi starfi

Stór hluti af starfi Rannveigar er að vinna með tölfræði, í rannsóknum og tölvuvinnslu þ.e.a.s að draga út gögn úr gagnagrunnum og gera þau aðgengileg fyrir aðra sem starfa innan embættisins. Haldið er utan um ýmsar upplýsingar sem snúa að afbrotum til að mynda fjölda brota, vettvang þeirra og tíma. Þessum gögnum er komið með rafrænum hætti til hverfastöðva lögreglunnar sem gerir starfsmönnum þeirra kleyft að fylgjast með hvaða afbrot eru að aukast í viðkomandi hverfi. Með þessum upplýsingum getur viðkomandi hverfastöð unnið að forvörnum og aukið eftirlit. Unnið er að því að sem flestir innan lögreglu geti nýtt sér þessa upplýsingaveitu enda er Upplýsinga- og áætlunadeild stöðdeild fyrir aðra starfsemi lögreglunnar. Ennfremur tekur Rannveig þátt í fræðilegum rannsóknum fyrir hönd embættisins, mótar hvað á að rannsaka og hvernig. Í upphafi þarf oft að leita eftir fjármagni í rannsóknirnar, sækja þarf um styrki og gera rannsóknaráætlun. Töluvert er unnið með öðrum aðilum þegar gerðar eru rannsóknir og má þar nefna Háskóla Íslands, Umferðarstofu og Háskólann á Akureyri. Í starfinu er mikil áhersla lögð á samstarf til að efla tengsl, tryggja gegnsæi og fagleg vinnubrögð. Rannveig tengist norræna sakfræðiráðinu sem eru norræn samtök félagsfræðinga, afbrotfræðinga, dómara, lögfræðinga og lögreglumanna. Hún tekur einnig þátt í starfi hóps sem vinnur að reglulegri útgáfu upplýsinga um afbrotatengd málefni innan landa Evrópu. Hún starfar ennfremur sem stundakennari við Háskóla Íslands og kennir þar í tveimur kúrsum auk þess að vera gestafyrirlesari og kenna við Lögregluskólann.

Fyrri störf

Í miðjum menntaskóla tók Rannveig sér árs hlé frá námi og fór sem barnfóstra erlendis. Eftir að hafa lokið stúdentsprófi tók hún sér aftur frí frá námi og vann í verslun ásamt því að stunda nám við Iðnskólann í Reykjavík. Eftir að hafa lokið BA námi fékk hún starf á

Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála (RUM). Þar starfaði hún í 2 ár og var henni boðin sú staða eftir að náminu lauk. Hjá RUM vann hún með aðila sem tengist lögreglunni sem sagði henni frá starfi sem væri að losna og hvatti hana til að sækja um. Rannveig hóf þar með störf hjá lögreglunni í Reykjavík. Árið 2002 auglýsti embætti ríkislögreglustjóra eftir sérfræðingi til að sjá um tölfræði. Þetta var ný staða innan embættisins sem átti að tryggja samræmd vinnubrögð við skráningar og útvinnslu á tölfræði. Vinna við rannsóknir var einnig hluti af starfinu og starfaði Rannveig þar í 5 ár. Árið 2007 fór hún aftur til embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins þar sem gerðar voru skipulagsbreytingar og í kjölfar þeirra vantaði sérfræðing til að starfa við tölfræði.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Rannveig vinnur sem félagsfræðingur og þau vinnubrögð sem hún lærði í félagsfræðinni, að móta viðfangsefni og einblína á rannsóknarspurninguna, er tækni sem hún notar mikið í daglegu starfi. Gögnin sem slík segja okkur ekki neitt heldur erum það við sem þurfum að spyrja spurninga til að geta nálgast upplýsingar úr gögnunum og leita þannig svara við þeim spurningum sem við setjum fram. Að hafa tekið bæði meginlega og eigindlega aðferðafræði er mjög hagnýtt og kennir einstaklingum ólíka nálgun á viðfangsefnin. Í sínum störfum hefur Rannveig þurft að vinna með marga gagnagrunna og í ólíkum tölvukerfum þar sem opinber tölfræði er geymd í gagnasöfnum sem gerir það að verkum að við erum háð öðrum til að forvinna gögnin fyrir okkur. Í félagsfræðinni er ekkert farið í kennslu á þessum gagnagrunnum og því vantar einstaklinga sem vinna við tölfræði meiri þekkingu á þeim. Það er ekki nóg að kunna aðferðirnar heldur þurfa einstaklingar líka að kunna á tækjabúnaðinn og þá kennslu mætti efla.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Númer 1, 2, og 3 að mati Rannveigar er að leggja áherslu á vinnulag og aðferðir félagsvísinda því þær kenna okkur ákveðinn þankagang þ.e.a.s hvernig tökum við kenningar til að móta nýjar spurningar og síðan hvernig við leitum svara við þeim. Þennan feril erum við að nota aftur og aftur, skoða hvaða spurningu við viljum spyrja og hvernig við ætlum að svara henni. Við notum þetta einnig við uppbyggingu rannsókna og túlkun niðurstaðna. Nemendur eiga að vera duglegri að rökræða um félagsfræðina. Vera ósammála og óhræddir við að takast á um málefnið út frá ólíkum sjónarhornum. Gott er að mynda námshópa/lestrarhópa til að efla og virkja gagnrýna hugsun og vera óhrædd við að takast á. Setja kenningar í samhengi, ræða um þær og æfa sig í að máta kenningarnar við eigið líf. Nemendur í BA námi eiga að vera leitandi og áhugasamir. Að tengja raunveruleikann við kennsluna er mikilvægt og að láta nemendur vinna með raungögn til að ná betur fram þeirri hugsun sem á sér stað þegar nemendur fara út á vinnumarkaðinn að námi loknu.

SNORRI ÖRN ÁRNASON

Fæðingarár

Fæddur árið 1970.

Menntun

Lauk BA prófi frá Háskóla Íslands í félagsfræði með fjölmiðlafræði sem aukagrein árið 1996 og MA prófi í félagsfræði frá sama skóla árið 2006.

Staða og vinnustaður

Sérfræðingur á gagnaúrvinnslusviði hjá Capacent Gallup.



Vikulegur vinnutími

Í starfinu eru oft álagstímar sem tengjast árstíðum þar sem unnið er umfram venjulega vinnuviku en að meðaltali er vinnuvikan rúmlega 40 stundir.

Lýsing á núverandi starfi

Meginhlutverk Snorra felst í því að taka við hrágögnum, eftir að þeim hefur verið safnað af gagnaöflunarsviði Gallup, og vinna úr þeim. Snorri greinir þau með keyrslum í SPSS og skoðar bakgrunnsbreytur og áhrif þeirra. Í framhaldi vinnur hann skýrslur úr gögnunum fyrir viðskiptavinum og setur fram á myndrænan máta. Við framsetningu gagna er fylgt eftir ákveðnum stöðlum en markmiðið er að viðskiptavinurinn fái áhugaverða sýn á gögnin sem unnin eru fyrir hann. Reynt er að kafa ofan í gögnin og finna áhugaverða þætti. Beitt er margvíslegum tölfræðiaðferðum eins og aðhvarfsgreiningu og þáttagreiningu svo eitthvað sé nefnt. Mikið er um samstarf innan rannsóknarsviðsins og þar starfa tæplega 50 manns. Snorri hefur einnig umsjón með Þjóðarpúlshinum sem er útgefið mánaðarlegt rit en það kannar hug þjóðarinnar til ýmissa þjóðfélagsmála. Reynt er að spyrja um þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni og einnig er fylgst með þróun á skoðunum landsmanna á ýmsum málefnum með reglubundnum könnunum. Mánaðarleg könnun á fylgi stjórnmalaflokkanna er þ.a.m. fastur liður í Þjóðarpúlshinum. Einnig eru þar framkvæmdar reglulega kannanir sem spyrja um ánægju með störf ráðherra og traust til stofnana. Fjölmiðlum er sent afrit af ritinu og er töluvert fjallað um niðurstöður hverrar útgáfu í framhaldi af því. Verkefni sem falla í skaut Snorra eru misjöfn eins og þau eru mörg og stærðargráða þeirra ólík. Verkefni geta verið allt frá því að vera litlar einnar spurningar kannanir upp í mun stærri rannsóknir eins og til dæmis launakannanir, en jafnan er úrvinnslumanninum sett þröng tímamörk.

Fyrri störf

Eftir menntaskóla tók Snorri sér árshlé og fór að vinna við verslunarstörf hjá SPOR Músik og Myndir. Upphaflega sótti hann um vegna tónlistar áhuga og þar vann hann samhliða BA náminu. Að afloknu BA náminu fann hann ekkert starf sem féll að

menntuninni en þá bauðst honum starf sem verslunarstjóri hjá SPOR og síðar hjá Skífunni. Ábyrgðarsvið verslunarstjóra fól í sér mannaforráð, allan daglegan rekstur svo sem uppgjör, áætlanir, innkaup og birgðahald. Hann starfaði sem slíkur til ársins 2001. Snorri hefur alltaf haft mikinn áhuga á rannsóknum og vann samhliða framhaldsnáminu við lyfjarannsóknir. Í gegnum þetta starf fékk hann að kynnast rannsóknum frá öðrum sjónarhóli en félagsfræðinnar. Þegar hann hóf störf við rannsóknir byrjaði hann sem aðstoðarmaður læknis en í kjölfarið fór hann að vinna að fleiri verkefnum. Að fá tækifæri til að vinna að rannsóknum á heilbrigðissviðinu var mjög góð reynsla þar sem vinnubrögð eru mjög öguð og starfið veitti honum góða innsýn í rannsóknarstörf. Þegar hann var að skrifa lokaritgerð sína í meistaranáminu var auglýst staða hjá Gallup sem hann sótti um og fékk.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Á þeim tíma sem Snorri starfaði sem verslunarstjóri þá fannst honum menntunin nýtast vel þrátt fyrir að vera starfandi á öðrum vettvangi. Að vera með mannaforráð og þá ábyrgð sem fylgdi stöðunni, annast samskipti við fólk, almennan rekstur verslunar, samskipti við birgja, viðskiptavini og samstarfsfólk voru allt þættir sem honum fannst hann geta tengt við félagsfræðina. Í því starfi sem Snorri sinnir í dag er félagsfræðimenntunin góður grunnur og þá sérstaklega meistaranámið. Grunnámið er almennt góður grunnur að margvíslegum störfum í atvinnulífinu vegna þeirrar áherslu sem er á aðferðafræði og þá hugsun sem þarf til að skoða og greina mannlífið og samfélagið. Hjá Capacent Gallup er nauðsynlegt að halda sér við og þá sérstaklega í aðferðafræðinni því stöðugt er verið að glíma við aðferðafræðileg viðfangsefni og þá þarf oft að dýpka skilninginn á ákveðnum viðfangsefnum. Ef fólk ákveður að fara út í rannsóknir jafnvel í öðrum greinum en félagsfræði þá er grunnurinn sem þar er kenndur mjög góður.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Snorri ráðleggur nemendum að reyna að finna sitt svið innan félagsfræðinnar þar sem hún er brotin upp í mörg undirsvið. Með því að hafa áhuga á einstöku viðfangsefni er gott að hafa eitthvað að stefna að og dýpka skilninginn á því efni. Hann leggur einnig mjög ríka áherslu á aðferðafræðina þar sem hún er hagnýtur grunnur bæði í framhaldsnámi, atvinnulífi og öllu sem tengist rannsóknum. Ef einstaklingar hafa áhuga á rannsóknum er ekki síður mikilvægt að þekkja vel kenningar ásamt því að hafa góðan aðferðafræðilega grunn. Þetta eru því þeir tveir lykilþættir sem gott er fyrir nemendur að leggja áherslu á ef þeir hyggjast stunda rannsóknir. Nemendur eiga að láta til sín taka á meðan þeir eru í náminu og láta sig varða hagsmunamál stúdenta. Fólk á að vera óhrætt við að segja sína skoðun og mikilvægt er fyrir nemendur að standa saman sem ein heild.

SIGRÍÐUR ELÍN ÞÓRÐARDÓTTIR

Fæðingarár

Fædd árið 1960.

Menntun

Lauk BA prófi frá Háskóla Íslands í félagsfræði árið 2000 og MA námi í félagsfræði frá sama skóla árið 2004.

Staða og vinnustaður

Sigríður Elín starfar sem sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar og til ársloka 2007 vann hún einnig hjá iðnaðarráðuneytinu.



Vikulegur vinnutími

Vinnutíminn er sveiflukenndur eftir árstíðum. Oft er mikil vinna á vorin og haustin því þá er oft verið að hefja og/eða ljúka við verkefni. Á vorin eru líka ársfundir stofnana og fyrirtækja og á haustin er mikið um ráðstefnur. Á þessum árstímum er vinnuvikan á bilinu 45-55 stundir.

Lýsing á núverandi starfi

Starfið á þróunarsviðinu er mjög fjölbreytt og felst það meðal annars í gagnasöfnun um atvinnumál og byggðaþróun og árangri opinberra stuðningsaðgerða. Jafnframt er samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir, samtök, fyrirtæki og einstaklinga. Sigríður Elín situr í stjórn nokkurra stofnana og sjóða sem fulltrúi Byggðastofnunar svo sem í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Vaxtarsamningi Vestfjarða, Frumkvöðlasetri Austurlands og Kvennasjóði. Frá því að hún hóf störf hjá Byggðastofnun hefur hún unnið nokkrar skýrslur og úttektir um byggðaþróun, atvinnurekstur kvenna, starfsumhverfi ferðamálafulltrúa og starfs- og rekstrarumhverfi upplýsingamiðstöðva. Starfið hjá iðnaðarráðuneytinu er einnig fjölbreytt en þar starfar Sigríður Elín að nýsköpunar og byggðamálum. Starfið felur meðal annars í sér aðstoð við formenn nefnda á vegum Vísinda- og tækniráðs, setu í stjórn Norðurslóðaáætlunarinnar (Northern Periphery Programme) sem er ein af fjölmörgum áætlunum Evrópusambandsins sem ætlað er að styrkja efnahags- og félagslega samvinnu á milli svæða innan Evrópusambandsins. Jafnframt er hún í stjórn Nordisk Atlantsamarbejde (NORA) sem veitir styrki til nýsköpunarverkefna í tengslum við auðlindir sjávar, ferðaþjónustu og upplýsingatækni. Frá því að Sigríður Elín hóf störf hjá hinu opinbera hefur hún fengið tækifæri til að taka þátt í mörgum spennandi og krefjandi verkefnum. Bæði hjá Byggðastofnun og iðnaðarráðuneytinu er fólk með fjölbreytta menntun og ólíkan bakgrunn sem saman mynda sterka heild en einstaklingurinn fær jafnframt tækifæri til að efla sig á sínu sviði. Líkja má starfsumhverfinu hjá þessum tveimur opinberu stofnunum við klasarækt, þar sem hver og einn starfsmaður hefur ákveðið sérsvið eða verkefni en vinnur síðan með öðrum að stærri verkefnum.

Fyrri störf

Eftir stúdentspróf starfaði Sigríður Elín í Samvinnubankanum í ellefu ár. Þar vann hún meðal annars við gagnavinnslu, sem gjaldkeri og í gjaldeyrisdeild. Árið 1991 fluttist hún til Sauðárkróks og starfaði þar við kennslu í gagnfræðaskólanum til ársins 1997. Kennarastarfið var bæði krefjandi og gefandi en það vakti áhuga hennar á félagsfræðinni þar sem kennslustofan er að mörgu leiti eins og smækkuð mynd af samfélaginu. Kennslan vakti þorsta eftir því að læra, skilja og skýra hið flókna samspil milli samfélags og einstaklings og svo öfugt. Eftir kennsluna hóf hún nám við Háskóla Íslands en með BA náminu vann hún um helgar. Eftir BA námið hóf hún störf hjá Byggingastofnun og samhliða því starfi lauk hún meistaranámi.

Hvernig nýtist félagsfræðimenntunin í starfi?

Námið hefur opnað Sigríði Elínu leið að því starfi sem hún sinnir í dag. Félagsfræðin kennir ákveðnar vinnuaðferðir sem nýtast vel í atvinnulífinu. Að líta á málefnið með gagnrýnum huga og hefur hún reynt að temja sér þau vinnubrögð, hugarfar og verklag sem kennt var í náminu. Í félagsfræðinni uppgötvaði hún sjónarhorn kynjafræðinnar sem leiddi til þess að hún sá samfélagið í nýju ljósi og skiljanlegra samhengi. Sigríður Elín hefur lagt áherslu á að koma sjónarhorni kynjafræðinnar og hugmyndafræði samþættingu jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun stjórnvalda í byggðamálum. Á undanförunum árum hefur orðið hugarfarsbreyting og í núgildandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009 er í fyrsta sinn tilgreind sérstök aðgerð þar sem áhersla er lögð á að efla eigin atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni. Hún telur að félagsfræðin hafi nýst sér mjög vel í starfi en finnst þó hafa vantað í kennsluna námskeið í verkefnisstjórnun. Telur hún tækifæri geti falist í auknu samstarfi milli atvinnurekanda og háskólans í tengslum við verkefnisstjórnun þar sem margir atvinnurekendur hafa mikla reynslu og þekkingu á verkefnis- og starfsmannastjórnun.

Ráð fyrir nemendur í félagsfræði

Sigríði Elínu finnst mikilvæg að nemendur læri bæði eigindlegar og megindlegar aðferðafræði. Það er gagnlegt að kunna skil á mismunandi verkfærum við gagnaöflun og úrvinnslu, temja sér gagnrýna hugsun, vera opin fyrir nýjum sjónarhornum og spyrja spurninga. Hins vegar telur hún að það hafi skipt öllu máli að hún átti frábæra samnemendur í Háskólanum sem töluðum um það sem þær voru að lesa og studdu hvort aðra með ráðum og dáðum og gera enn. Að tala um það sem maður er að hugsa og velta fyrir sér með öðrum hjálpar manni við að sjá hlutina frá ólíkum sjónarhornum.